

9. jan. 68.

0000000000

=====
S T A R F S K Y R S L A
=====

=====
SKÓGARVARDARINS Í EYJAFIRDI
=====

=====
1 9 6 7
=====

0000000000

S T A R F S S K Ý R S L A

=====

skógarvarðarins í Eyjafirði fyrir árið 1967.

oo

1. VEDURFAR.

Af þeim 20 árum, sem eg hef starfað hjá Skógræktarfélagi Eyfirðinga, hefur árið 1967 verið langsamlega ó-hagstæðast fyrir vöxt og þrif trjágróðurs. Tel eg, að svo hafi orðið fyrst og fremst vegna frosthörku seinni hluta aprílmánaðar og vegna þess, hve sumarið var kalt, einkum júlímánuður.

16. til 23. apr. fór frostið niður fyrir 10 stig í 5 natur og mest í 14,8 st. Þegar eg athugaði gróðrarstöðina fyrir miðjan apr. stóð allt eins og við höfðum gengið frá því undir veturinn, en í apríllök var allt í einu orðin gjörbreyting og höfðu flestar trjátegundir beðið meiri og minni hnekki. Mestar skemmdir urðu á dreifsetningu frá fyrra ári og 2/2 pl. sem fara áttu til gróðursetningar. Köld veðráttta var í maí, í meðallagi í júní, en júlímánuður var óvenjulega kaldur, fór hitinn aðeins í 4 daga yfir 10 st. Vik frá meðallagi voru 2,8 st. Ágúst og sept. voru nálægt meðallagi, en 3 síðustu mánuðir ársins voru óvenjulega kaldir.

Yfirlit samkvæmt veðurathugunum á Akureyri 1967:

	Meðalhiti C	Úrkoma mm	Hitasumma
Janúar	- 1,00	18,5	
Febrúar	0,60	41,8	
Mars	- 6,30	63,5	
Apríl	- 5,40	12,7	
Maí	3,10	23,7	96,10
Júní	9,20	16,3	276,00
Júlí	8,10	51,1	251,10
Ágúst	9,80	17,0	303,80
September	8,00	8,6	248,00
Október	1,40	105,5	
Nóvember	- 0,70	37,9	
Desember	- 2,40	48,6	
<hr/>			
Meðalhiti ársins	2,03		
Úrkomumagn ársins		445,2	
Hitasumma sumarsins, maí til sept.			1175,00

2. VÖXTUR OG ÞRIF TRJÁGRÓÐURS.

a) Laufgun og lauffall.

Klaki fór ekki úr jörðu fyr en í júní og laufgun byrjaði seint.

Eftirfarandi hef eg skrifað í dagbók:

13.júní. Nú eru tré sem óðast að laufgast. Birki og lerki má heita útsprungið, en öspunum gengur seint að laufgast. Sumar eru næstum allsnaktar enn. Sib. ösp er alveg nakin.

15. " Birkið í Leyningshólum er orðið grænt, næstum allaufgað.

18. sept. Birkið af Vaglastofni er nú orðið gult og lauf byrjað að falla, en Bæjarstaðabirki stendur dökkgrænt enn.

26. " Vaglabirki og Alaskabirki er nú orðið alveg gult. Blöð á Bæjarst. birki eru byrjuð að gulna. Blöð á Alaskaösp eru orðin gul og byrjuð að falla af.

10. okt. Lerki er orðið gult og farið að fella barr. Viðja er orðin næstum lauflaus, en víðir aðeins byrjaður að fella.

Í októberlok var lauffalli að verða lokið.

b) Vöxtur.

Bins og fyr segir, var vöxtur og þrif trjágróðurs lakari s.l. ár en nokkru sinni áður síðan eg hóf störf hjá Skógræktarfélagi Eyf.

Eftirfarandi mælingar voru gerðar í okt. s.l:

		M E D A L T A L	
		Hæð m	Ársv. cm
Birki 3/0	Bæjarst. gróðursett 1952 í Kjarnaskógi. 100 ferm. 52 plöntur	2,580	4,9
" 2/2	Bæjarst. gróðursett 1954 í Kjarnaskógi. 100 ferm. 52 pl.	2,612	7,1
Lerki 2/2	Altai, gróðursett 1958 í Kjarnaskógi. 100 ferm. 65 pl.	1,994	3,5
Sitkagreni	Cordova, gróðursett 1959 í Kjarnaskógi. 100 ferm. 49 pl.	0,540	5,1
Rauðgreni	Drefja, gróðursett 1959 í Kjarnaskógi. 100 ferm. 46 pl.	0,285	3,7
Lerki 2/2	Hakaskoja, gróðursett 1951 í Vaðlaskógi. 5 raðir, 93 pl.	4,214	6,6
Stafafura	2/2 Skagway, gróðursett 1959 í Vaðlaskógi. 100 ferm. 60 pl.	0,822	12,3
Stafafura	2/2 Skagway, gróðursett 1963 á Miðhálsstöðum. 100 ferm. 75 pl.	0,232	1,6
Lerki 2/2	Askis, gróðursett 1959 á Miðhálsstöðum. 100 ferm. 42 pl.	0,999	2,5
" 2/2	Hakaskoja, gróðursett 1955 á Miðhálsstöðum. 5 raðir, 83 pl.	2,340	15,2
Lerki 2/2	Raivola, gróðursett 1956 í Leyningshólum. 100 ferm. 46 pl.	1,595	9,0
" "	Askis, gróðursett 1959 í Leyningshólum. 100 ferm. 50 pl.	1,123	7,7
Rauðgreni	Snæsa, gróðursett 1959 í Leyningshólum. 100 ferm. 54 pl.	0,538	0,7
"	<u>Granc</u> , gróðursett 1959 í Garðsárreit. 100 ferm. 65 pl.	0,593	÷ 5,41)

1) Hópar af sauðfé höfðu komist í reitinn á snjó snemma í vor og valdið töluverðum skemmdum.

Á R S V Ö X T U R T R J Á P L A N T N A.

Tegund	Kvæni	Gróðursett Reitur	1959	1960	1961	1962	1963	1964	1965	1966	1967	meðalháð í okt. 1967
Rauðgreni	Þrefja	Kjarnaskógur	1959					1,1	2,3	-2,0	3,7	28,5 cm
"	Snása	Leyningshólar	1959					3,3	7,4	3,6	0,7	53,3
"	Grane	Garðsárreitur	1960				4,8	4,3	4,9	6,4	-5,5	59,3
Sitkagreni	Corðova	Kjarnaskógur	1959					2,3	5,1	10,1	5,1	54,0
Stafafura	Skagway	Vaðlaskógur	1959					9,2	11,5	12,4	12,3	82,2
"	"	Miðhálsstaðir	1963					6,4	2,8	2,8	1,6	21,6
Lerki	Hakaskoja	Vaðlaskógur	1951	56,0	54,7	55,0	22,3	15,2	13,9	25,7	6,6	421,4
"	"	Miðhálsstaðir	1955						5,5	32,0	15,2	224,0
"	Raivola	Leyningshólar	1956				15,0	9,8	17,4	25,1	9,0	159,5
"	Altai	Kjarnaskógur	1958	16,8	26,7	29,0	26,0	20,0	13,5	20,7	3,5	199,4
"	Azkis	Miðhálsstaðir	1959					3,7	7,7	17,7	2,5	99,9
"	"	Leyningshólar	1959					3,7	5,9	21,6	7,7	112,3
Birki	Bæjarstaður	Kjarnaskógur	1952	28,6	34,9	25,7	13,7	15,5	13,9	19,5	4,9	258,3
"	"	"	1954	25,0	33,8	28,7	9,7	10,2	24,5	24,4	7,1	261,2

Ársvöxtur mældur í cm.

Rauðgrenið í Garðsárreit varð fyrir skemmdum af völdum sauðfjár.

c) Frafall.

Frafall var nálega ekkert s.l.haust, hvorki á trjám né runnum.

d) Frostakaflinn 16. til 23. apríl tel eg að hafi valdð mestum skaða einkum á ungplöntum, en einnig á Alaskaöspum, lerki og birki. Birki hefur sjaldan eða aldrei farið eins illa í gördum á Akureyri og á B.l.ári.

e) Trjámælingar.

Eg hefi þegar skýrt frá trjámælingum undir d) lið í sambandi við vöxt trjátegunda. Skýrsla á bls. III sýnir samanburð á mælingum frá því við byrjuðum á þeim. Enn höfum við ekki tekið gildleikamælingar, en þeim þarf að fara að beta við t.d. í sumum lerkireitunum.

3. STARFSFÓLK.

Eins og áður var Jón Dalmann Ármannsson verkstjóri við Gróðrarstöðina í sumar. Auk þess unnu 2 piltar og tver stúlkur við stöðina og skógarreitina og nokkru fleiri yfir vortímann. Enn fremur unnu 8 drengir 12 - 14 ára að gróðursetningu. Drengirnir unnu frá 22. maí til 30. júní og aftur frá 21. ág. eina viku. Þeir hafa gróðursett um 40 þús. pl. Kostn. við það ásamt bíllkostn. og verkstjóraraunum varð 46,426,00 kr.

4. GIRÐINGAR.a) Nýjar girðingar.

Lokið var við nýja girðingu á vegum skógræktarféldel^lfar í Öngulst.hr. Er girðingin 570 m. og flatarmál reitsins 1,8 ha. Hefur spjaldskrá ásamt lýsingu á reitnum verið send Skógræktarfé^l.Ísl. Reiturinn er í landi jarðarinnar Björk í Öngulst.hr.

Byrjað var í haust að flytja girðingarefni fram í Garðsárdal. Er ætlunin, að girða þar landspildu til skógræktar næsta sumar í landi eyðibýlisins, Helgársel. Hafa systkinin á Jódísarstöðum gefið þar landsvæði til skógræktar til minningar um bróður sinn, Ingólf Kristjánsson bónda á Jódísarstöðum.

b) Viðhald girðinga.

Eins og átið áður hefur verið fyrirhafnarmest og kostnaðarsamast að halda við girðingunni um Vaðlaskóg. Allar girðingar þurftu einhverja aðgerð eins og venjulega. Tvö hlið voru endurnýjuð á Vaðlaskógargirðingunni og 6 girðingarhlið voru máluð í sumar.

5. SKÓGARHÖGG.

Töluvert var unnið að grisjun í sumar einkum í Grundarreit og Vaðlaskó. Einnig dálítið í Leyningshólum. Um 100 girðingarstaurar hafa verið unnir úr því, sem grisjað var í Grundarreit, auk þeirra sem notaðir voru til aðgerða á girðingunni um reitinn. Nokkuð af furulimi var tekið úr reitnum fyrir jólin, en markaður er lítið fyrir það. Fólk vill heldur greni, einkum Normannsgreni, þegar það er fáanlegt.

6. GRÓDRARSTÖÐIN.

6. GRÓDRARSTÖÐIN.

a) Nývirki og umbætur.

Engin nývirki hafa verið gerð á árinu í stöðinni, aðeins plantað svolítið í limgerði til viðbótar og smíðaðir hafa verið nokkrir beðakarmar með bogamynduðu plastþaki og gáfu þeir góða raun í sumar, voru aðallega notaðir við rektun græðlinga.

b) Sáningar.

Tegund	Kvæmi	Nr.	Kg.	Æerm.	spírun
Birki	Bejarstaður	684	2,00	50	3
"	Kjarnaskógur		0,40	10	2
"	Carðsárreitur		1,20	30	1
"	Leyningshólar		0,50	12	5
"	Vaðlaskógur		0,50	12	1
Fjallabirki	Skillingsstað	646	0,25	12	5
Elri		544	0,10	3	6
Brodd- og blág. Sapinero		346	0,25	6	2
Sitkagreni	Cordova	590	0,50	12	1
Rauðgreni	Namdal	702	1,00	55	2
Bergfura	Ht. Confl.	689	0,20	12	3
Lindifura		685	3,00	12	5
Stafafura	Smith.	679	0,15	12	1
Lerki	Altai	652	2,00	60	2
		Samtals	12,05	298	

Græðlingar.

Tegund.	Tala
Alaskaösp	1150
Gulvíðir	486
Grávíðir	1045
Þingvíðir	1336
Viðja	9273
Selja	242
Rauðblaðarós	74
Rauðtoppur	71
Blátoppur	979
Ribs	440
Sólber	264
Hindber	92
Laxaber	60
Samtals	15512

c) Dreifsetning. Skógarplöntur.

Tegund	Kvæmi	Aldur	Fjöldi	Athugas.
Rauðgreni	Hamdal	2/o	12440	
"		2/o	5300	Frá Fossvogi
"		2/o	10176	" Hallormsst.
Bergfura	Mt. Louis	2/o	500	
Síberíulerki	Altai	2/o	276600	
Lerki		2/o	2800	" Vöglum
Birki	Bæjarstaður	2/o	28392	
"	"	3/o	2856	
Fjallabirki	Skillingsstad	2/o	6048	
Samtals			96112 pl.	

Gerðplöntur.

Tegund.	Fjöldi.
Rauðgreni	162
Sitkagreni	234
Hvítgreni	906
Blágreni	198
Bergfura	192
Droddfura	150
Lindifura	45
Fjallapínur	116
Birki	519
Reynir	25
Elri	53
Samtals	2600

d) Hreinsun.

Allvel hefur gengið að halda illgresi í skefjum í stöðinni, bæði með notkun lyfja og stöðugri reitingu eftir þörfum.

Við útreikning á vinnukostnaði við Gróðrarstöðina kemur þó í ljós, að hreinsunin er dýrasti liðurinn. Samkvæmt þeim útreikningi verða hlutföllin þannig:

Hreinsun	23,0	%	Plastbogar	2,8	%
Ymislegt	15,4	"	Língerði	2,0	"
Dreifsetning	13,3	"	Málning	1,5	"
Vetrarumbúnaður	9,2	"	Vegagerð	1,5	"
Vökvun	5,5	"	Gluggar	1,2	"
Upptekning pl.	5,2	"	Klipping	0,7	"
Pökkun	4,7	"	Dreifs.garðpl.	0,6	"
Sáning	4,5	"	Áburðardreifing	0,6	"
Græðlingar	4,4	"	Vatnsleiðsla	0,5	"
Tæting	3,1	"	Smíðar	0,4	"
			Símasín-sprautun	0,3	"
			Talning	0,2	"

Dreifs.garðpl.talin með 3.litð.

VII.

e) Umbúnaður.

Votraráumbúnaður er fyrst og fremst sanddreifing á öll beð, Gluggar yfir flestum sáðbeðum, timbur yfir nokkrum og lyng yfir afganginum. Torfrenningar voru lagðir milli raða í dreifsetningarbeðum og birkilim yfir vírbundið niður.

f) Afhending. Skógarplöntur.

Tegund	Kvæmi	Aldur	Fjöldi
Rauðgreni	Namdal	2/2	1866
"	Grane Vefsen	3/2	10290
"	" "	3/3	6307
Sitkagreni	Hómer	2/2	650
"	Seward	2/3	4563
Hvítgreni	Moose Pass	3/3	9520
"	" "	3/2	2354
"	Wansa Lake	2/4	1000
Sitkabastarður	Moose Pass	2/3	3540
Bergfura	Pyreneafj.	2/3	408
Broddfura	Hallormsstaður	2/2	526
Lindifura	Thaspit Rayon		86
Fjallapínur	Wansa Lake	3/2	20
Rússalerki	Shénkursk	2/2	13917
Síberíulerki	Arkangelsk	2/2	3200
Birki	Bæjarstaður	2/0	3415
"	"	3/0	3350
"	"	2/2	3290
68,302			
Garðplöntur.			
Rauðgreni	31	Alaskaösp	232
Sitkagreni	64	Álmur	3
Hvítgreni	7	Sib.baunatré	12
Blágreni	14	Gulvíðir	15
Sitkabastarður	6	Grávíðir	3
Bergfura	3	Þingvíðir	50
Fjallapínur	2	Viðja	1141
Lerki	3	Ribs	71
Birki	814	Sólber	4
" í limg.	613	Blátoppur	4
Reynir	50	Dúntoppur	33
			3,175
Samtals			71,477

h) Áburður.

Notaður var eingöngu tilbúinn áburður um og yfir 20 kg af blönduðum áburði á 100 ferm.

i) Annað.

Vatnsleiðslukerfið í stöðinni er enn mjög ófullkomið, þó við höfum bjargast við það. Við tökum leiðslurnar að mestu sundur að haustinu og leggjum þær svo á vorin eftir því, sem reitirnir hafa verið planlagðir.

7. GRÓÐURSETNING.

a) Yfirlit, undirbúningur og áætlun.

Haustið 1966 fórum við í flesta skógarreitina og gerðum athuganir um hvar og hvað gróðursetja skildi 1967 jafnframt því, sem við gerðum vaxtarmælingar. Að því loknu var gerð áætlun um gróðursetningu og hún send Skógrækt ríkisins ásamt skýrslum um plöntutalningu í Gróðrarstöðinni.

b) Plöntunartími, magn og flatarmál.

Gróðursetning hjá Skógræktarfélag Eyf. deildum þess og einstaklingum.

Nafn.	T e g u n d i r						Fjöldi plántna	Ha
	Rauð- greni	Hvít- greni	Sitka- greni	Fura	Lerki	Birki		
Öngulst.hr.	1010	1140			100	1050	3,300	0,7
Saurbæjarhr.	30					200	230	
Akureyri	7000	6670		408	11367	4185	29,630	6,0
Skriðuhr.	500				750	350	1,600	0,4
Arnarneshr.	1000	1000				300	2,300	0,5
Árskógsstr.				200	400	300	900	0,2
Skógr.fél Eyf8873	3700	7683		412			20,668	4,4
Einstakl.	50	364	70			70	554	0,1
Samtals	18463	12874	7753	1020	12617	6455	59,182	12,3

Um 38 þús.pl.voru gróðursettar á tímabilinu 22.maí til 30 júní, en hitt seinni hluta ágústmánaðar og gróðursetti norska fólkíð nokkuð af því.

Varðandi kvæmi vísast til töflu yfir afhentar skógarplöntur á síð.7.

- c) Gróðursetningarferðir voru farnar með norska skógræktarfólkið seinni hl.ágústmánaðar, ein ferð að Björk í Öngulst.hr.ein ferð að Hofi og Reistará í Arnarneshr.ein ferð að Hánefsstöðum í Svarfaðardal og 2 ferðir að Kóngsstaðahálsi í Skíðadal.

8. HIRÐINGÞGRISJUN O.FL.

Klippt var og hreinsað frá plöntum í Vaðlaskógi, Garðsárreit, Leyningshólum, Kjarna og Freyjulundi. Grisjað var einnig á öllum þessum stöðum, en þó mest í Grundarreit. Enn fremur var hreinsað nokkuð í skjólbeltum og bætt plöntum inn í aðallega í Kaupangssveit.

9. VEGAGERÐ.

Vegurinn upp að Gróðrarstöðinni í Kjarna var malborinn alla leið upp að húsi. Var mölin tekin skammt frá veginum.

Vegurinn um Miðhálsstaðaland í Öxnadal var heflaður.

10. HÚSEIGNIR.

Húsið í Kjarna var málað að utan og einnig stafn geymsluhússins.

11. VÉLAR OG VERKFERI.

Véla- og verkferæign er eins og áður, 1 garðtætti, 1 kerra og vél-sög að hálfu.

12. FERDIR OG HEIMSÓKNIR.

Aðalfundur Skógr.fél.Eyf. var haldinn á Ak. 8. apr. Á fundinum mættu, Hákon Bjarnason skógræktarstjóri, Hákon Guðmundsson form. Skógr.fél. Ísl. og Snorri Sigurðsson erindreki. Fleiri gestir sátu fundinn. Fleiri af starfsmönnum Skógræktar ríkisins komu í heimsókn á árinu og einnig nokkrir erlendir gestir. 17. ág. komu hingað 16 norskir skógræktarmenn og voru þeir í hálfan mánuð á vegum Skógr.fél.Eyf. og Skógr.fél.S-Þing. við skógræktarstörf og landkynningu. Gistu þeir á einkaheimilum á Ak. og var farið með þá í kynnisferðir m.a. á íslenska sveitabæi. Þeim var haldið kveðjuhóf í Skíðahótelinu í Hlíðarfjalli og bæjarstjórn Ak. bauð þeim til hádegisverðar að Hótel KEA.

Á s.l. sumri í sept. var eg fenginn til að flytja erindi um skógræktarstarfseminu ^{á fundi Rótarvkl. Ak.} Nokkrum dögum seinna komu um 30 manns frá klubbnum í kvöldheimsókn til þess að skoða Gróðrarstöðina.

Frá Barnaskóla Ak. komu nokkrar deildir í heimsókn til þess að skoða stöðina undir forystu kennara skólans.

Eftirlitsferðir hef eg farið á árinu eftir því, sem tækifæri hefuri verið til.

Áætlanir um plöntubýrgðir, gróðursetningu 1968 og dreifsetningu voru sendar Skógrækt ríkisins í vetrarbyrjun.

Akureyri 5. jan. 1968

Arnarinn Bláfur